

**Plöntusjúkdómar og meindýr:**

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum . . . . .	850
Umfangsmeyri greiningar á skaðaorsökum . . . . .	1 580

**Jarðvegsefnagreiningar:**

Fosfór, P 1) (vegna ylræktar) . . . . .	730
Fosfór, P 2) . . . . .	1 080
Kalíum, K . . . . .	580
Nítrat 1) (gróf litmæling) . . . . .	580
Nítrat 2) . . . . .	870
Leiðnitala . . . . .	460
Sýrustig pH . . . . .	460
Kalkþörf 1) (áætluð) . . . . .	460
Kalkþörf 2) (títrun) . . . . .	1 230
Heildargreining á túnjarðvegi fyrir bændur . . . . .	940
Heildargreining á garðsýni fyrir bændur . . . . .	940

## 2. gr.

Önnur vinna er unnin í tímavinnu. Gjald fyrir útselda vinnu á rannsóknarstofu er sem hér segir:

	Dagvinna kr./klst.
Rannsóknarmaður . . . . .	1 720
Sérfræðingur . . . . .	2 330

## 3. gr.

Heimilt er að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt gildi.

## 4. gr.

Gjaldskráin skal endurskoðast á sex mánaða fresti.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 55. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 189 11. apríl 1989.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. janúar 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Jón Höskuldsson.*

**AUGLÝSING****um tryggingarfé ferðaskrifstofa.**

Með heimild í 18. gr. laga nr. 79, 2. júlí 1985, um skipulag ferðamála, hefur ráðuneytið ákveðið að bankatrygging sú sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofa skuli eigi vera lægri en 6,0 millj. kr. frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 15. febrúar 1990 til að auka tryggingarfé sitt.

*Samgönguráðuneytið, 2. janúar 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*